



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

SÁLFRÆÐI



BS-nám í sálfræði

Er námið fyrir þig?

- Er áhugasvið þitt hegðun, samskipti og hugsun fólks?
- Langar þig að skilja hvernig heilinn starfar?
- Viltu vinna verkefni undir handleiðslu helstu sérfræðinga landsins í sálfræði?
- Hefur þú gaman af því að rannsaka, hlusta og fræða?
- Viltu fjölbreytt úrval námskeiða sem eru á þínu áhugasviði?
- Langar þig að eiga margvíslega möguleika á krefjandi framtíðarstarfi?

Um hvað snýst námið?

Í BS-námi í sálfræði er lögð áhersla á aðferðir vísinda og gagnrýna hugsun.

Sálfræði er fræði- og faggrein um sálarlíf frá víðu sjónarhorni. Greinin á uppruna sinn í heimspeki, læknisfræði og náttúruvísindum.

Í öllum námskeiðum leysa nemendur úr verkefnum sem reyna á færni við rannsóknir og fræðimennsku. Nemendum í BS-námi gefst kostur á að gerast aðstoðarmenn í rannsóknum kennara og búa sig þannig undir framtíðarstörf.

Meðal viðfangsefna eru:

- Proskasálfræði – um þroska og þróun vitsmuna og félagshæfni.
- Félagsleg sálfræði – um hvernig samfélög og umhverfisþættir hafa áhrif á hugsun, hegðun og líðan einstaklinga og hópa.
- Persónuleikasálfræði – um persónuleika fólks, hvað ræður honum og hvernig hann er samsettur.
- Skyn- og hugfræði – um skynjun og hugarstarf, hugfræði og skynjunarvísindi, sjónskynjun og taugasálfræði.
- Klínísk sálfræði – um helstu geðraskanir og einkenni þeirra ásamt helstu kenningum, rannsóknar- og matsaðferðum sem notaðar eru á sviðinu.
- Atferlisgreining – um lögmál hegðunar og náms eins og klassíska og virka skilyrðingu.
- Meginleg sálfræði – um tölfræði, próf- og mælifræði, aðferðir og snið.
- Aðferðafræði – um vísindaleg vinnubrögð í sálfræði og mismunandi rannsóknaraðferðir.
- Saga sálfræðinnar – um rætur greinarinnar og ólík kenningakerfi hennar.
- Lífeðlisleg sálfræði – um rannsóknaraðferðir lífeðlislegrar sálarfræði og annarra taugavísinda.
- Öldrunarsálfræði – um líkamlegar, hugrænar, félagslegar og sálrænar breytingar sem eiga sér stað við öldrun.
- Íþróttasálfræði – um áhrif íþróttaiðkunar á líðan fólks, samskipti, sjálfstraust, fíkn, ofþjálfun, kulnun, hugarþjálfun, endurgjöf og fleira.

María Lovísa Breiðdal, BS-nemi



„Það sem heillaði mig við sálfræðinámið er hvað það er fjölbreytt, býður upp á marga möguleika og getur nýst manni almennt í lífinu. Ég hef unnið lengi með börnum og framhaldsnám í klínískri barnasálfræði hefur alltaf heillað mig. Einnig er félagslífið við deildina mjög gott og hef ég kynnst fullt af frábæru fólki og eignast góða vini í náminu.“

Ólafur Jóhann Þórbergsson, BS-nemi



„Ég valdi sálfræði því ég stefni á að fara í framhaldsnám í einhverju markaðstengdu og sálfræði gefur góðan grunn fyrir það. Það sem mér finnst best við sálfræði í HÍ er hvað maður kynnist mikið af fólki í allri þessari hópavinnu, vinátta sem vonandi heldur áfram út í atvinnulífið.“

Svigrúm í valnámskeiðum

Sálfræðinemendur geta valið bæði fjölbreytt námskeið innan sálfræði og líka námskeið úr öðrum deildum og sviðum háskólans. Hægt er að flétta námskeiðum úr öðrum greinum inn í BS-gráðuna. Má þar nefna viðskiptafræði, verkfræði, félagsfræði, íþrótt- og tómsundafræði allt eftir því hvar áhuginn liggur.

Inntökuskilyrði

Skilyrði til inntöku í BS-nám í sálfræði er stúdentspróf eða sambærilegt próf.

Námsleiðir í grunnnámi

- BS-nám í sálfræði, þriggja ára nám, 180 einingar.
- BS-nám í sálfræði, aðalgrein, tveggja ára nám, 120 einingar.
- BS-nám í sálfræði, aukagrein, eins árs nám, 60 einingar.

Skiptinám erlendis

- Hægt er að taka hluta af náminu erlendis.
- Háskóli Íslands er í samstarfi við yfir 400 háskóla um allan heim.
- Nemendur geta farið í skiptinám til Evrópu, Bandaríkjana, Kanada, Mið- og Suður-Ameríku, Ástralíu, Nýja-Sjálands og Asíu.
- Nánar um skiptinám á [hi.is/skiptinam](https://www.hi.is/skiptinam).

Félagslíf

- Anima er félag sálfræðinema í HÍ og heldur uppi kröftugu félagslífi.
- Félagið stendur fyrir vísindaferðum, persónuleikum Animu, Íslandsmóti sálfræðideilda HÍ og HR og glæsilegri árshátíð.
- Anima heldur fræðsluvöld um ýmis efni og kynningu á framhaldsnámi erlendis.
- Anima skipar fulltrúa nemenda í stjórn Sálfræðideildar og er með stuðningskerfi fyrir nemendur (mentorkerfi) í samráði við deildina.

- Frekari upplýsingar eru á:
anima.hi.is eða
facebook.com/animasalfraedi.




Starfsvettvangur að BS-námi loknu

Nemendum með BS-próf í sálfræði hefur gengið mjög vel að fá vinnu í hinum ýmsu geirum atvinnulífs. Þeir hafa einnig aðgang að margvíslegu framhaldsnámi bæði innan og utan sálfræðinnar.

Dæmi um starfsvettvang

- Rannsóknir.
- Stjórnun og starfsmannahald.
- Stefnumótun.
- Umönnunar- og uppeldisstörf.
- Fjölmíðlar.
- Gagnavinnsla.



Framhaldsnám að BS-námi loknu

Sálfræðideild býður upp á framhaldsnám til meistara- og doktorsgráðu. Við deildina eru mjög góðar aðstæður til vísindastarfa og kennslu. Þar eru einnig fjölbreytt tækifæri til þjálfunar í greiningu og meðferð. Væntanlegum nemendum stendur til boða aðild að fjölbreyttum og áhugaverðum rannsóknum á ýmsum sviðum sálfræðinnar. Námið er nátengt atvinnulífi og veitir góðan undirbúning fyrir fjölbreytileg störf. Vísindafólk við deildina stendur mjög framarlega á sínu sviði og á nánu samstarfi um kennslu og rannsóknir við margar innlendar og erlendar stofnanir á heimsmælikvarða.

MS-nám í hagnýtri sálfræði

Meistaránám í hagnýtri sálfræði er tveggja ára nám til 120 eininga. Í náminu er boðið upp á starfsnám sem tengist viðfangsefni hvers kjörsviðs fyrir sig. Hagnýt sálfræði er góður grunnur fyrir doktorsnám. Umsækjendur þurfa að hafa lokið BA/BS-námi í sálfræði með góðum árangri. Alls eru teknir inn 35 nemendur í námið á hverju ári. Námið skiptist í fjögur kjörsvið:

Klínísk sálfræði

Námið er fræðilegt og verklegt. Það veitir nemendum réttindi til að starfa sem sálfræðingar á Íslandi, eftir að þeir hafa lokið náminu og 12 mánaða starfsþjálfun í kjölfar þess. Námið skiptist í tvær línur: *klínísk sálfræði fullorðinna* og *klínísk barnasálfræði*. Nemendur hljóta þjálfun í að takast á við sálfræðileg viðfangsefni, svo sem mat á sálrænum vanda og meðferð við honum. Þeir fá einnig þjálfun í rannsóknarvinnu. Í náminu er lögð áhersla á starfsþjálfun undir handleiðslu sálfræðinga á stofnunum eins og Landspítala, þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og Sálfræðiráðgjöf háskólanema sem rekin er af Sálfræðideild HÍ. Til þess að mega nota starfsheitið sálfræðingur þarf að ljúka MS-prófi í klínískri sálfræði.

Megindleg sálfræði

Markmið kjörsviðsins er að þjálfna nemendur á sviði sálsmælinga, aðferðafræði og gagnagreiningar. Sérfræðingar innan megindlegrar sálfræði geta sérhæft sig í þróun og mati sálfræðilegra prófa, kvarða og spurningalista, í gagnaöflunaraðferðum, í tilraunasniðum og hönnun rannsókna eða tölfræðilegri greiningu gagna.



Samfélag og umhverfi

Kjörsviðið veitir nemendum þekkingu á rannsóknum innan félagsálfræði með áherslu á undirgreinar hennar, umhverfis- og neyslusálfræði. Fjallað er um áhrif samfélags og umhverfis á hegðun, hugsun og líðan fólks og önnur aðkallandi viðfangsefni nútímans, svo sem neysluyggju, loftslagsbreytingar, umhverfishegðun, ójöfnuð og lífsstíl. Nemendur fá þjálfun í beitingu sálfræðiþekkingar til þess að hafa áhrif á hegðun fólks til góðs og knýja fram samfélagsbreytingar. Áhersla er lögð á að mennta fagfólk sem getur unnið við ráðgjöf og rannsóknir í stjórnsýslu, svo sem í ráðuneytum, sveitarfélögum og í opinberum stofnunum þar sem mikil þörf er fyrir fólk með þekkingu á félagsálfræði. Kjörsviðið veitir einnig sterkan grunn undir doktorsnám.

Skólar og þroski

Markmið kjörsviðsins er að fylgja eftir brýnni þörf innan skólakerfisins fyrir fólk sem hefur sérþekkingu á og getur beitt kenningum og aðferðum snemmtækrar íhlutunar í vinnu með börnum sem þurfa sérstakan stuðning í námi. Megináhersla er á að mennta fagfólk sem getur veitt ráðgjöf, stuðning og eftirfylgd við nemendur, kennara og foreldra vegna námsörðugleika og þroskafrávika og um áhættuþætti sem tengjast málþróun og læsi. Hægt er að taka allt að 14 einingar í starfsþjálfun og 30 eininga lokaverkefni eða sleppa starfsþjálfun og vinna að 60 eininga lokaverkefni á vettvangi.

Sálfræði er á virtum alþjóðlegum matslistum

Sálfræði við Háskóla Íslands er á tveimur virtum alþjóðlegum matslistum yfir bestu háskóla heims í sálfræði. Annars vegar er fræðigreinin á lista **Times Higher Education World University Rankings** og hins vegar á **Shanghai Ranking listanum**, eða **Academic Ranking of World Universities (ARWU)**. Báðir listar taka til rannsókna, kennslu og áhrifa í alþjóðlegu vísindasamfélagi.



*Hrafnkatla Agnarsdóttir,
nemi á kjörsviðinu Klínísk sálfræði*

„Námið er mjög krefjandi en ég hef brennandi áhuga á því svo tíminn líður hratt. Við erum fá saman í bekk og urðum fljótt samheldinn hópur. Kennslan er persónuleg og kennararnir duglegir að hvetja mann áfram. Starfsnámið stóð upp úr að mínu mati því þar fær maður loksins að láta reyna á kunnáttu sína og færni“

*Unnar Geirdal Arason,
nemi á kjörsviðinu Meginleg sálfræði*

„Ég hef áhuga á rannsóknum og þá sérstaklega í sálfræði. Nám í meginlegri sálfræði þjálfar nemendur í aðferðafræði rannsókna. Á sama tíma þjálfar námið upp gagnrýna hugsun, sjálfstæð vinnubrögð og sterka þekkingu á sviði gagnaurvinnslu. Ég er fullviss um að nám í meginlegri sálfræði hefur gert mig að betri rannsakanda sem mun nýtast mér hvar sem ég enda á vinnumarkaði.“



*Birkir Einar Gunnlaugsson,
nemi á kjörsviðinu Samfélag og umhverfi*

„Námið er skemmtilegt og krefjandi. Við erum fá svo það skapast oft skemmtilegar umræður. Við fáum einnig æfingu í að tjá okkur í örugum umhverfi. Við fáum innsýn í hversu vítt sviðið teygir sig og hvernig við getum haft áhrif á fólk. Frelsið í verkefnavinnunni er því sannarlega til staðar. Þá reynir á gagnrýna en ekki síst skapandi hugsun okkar. Ég tel að slíkt hjálpi manni klárlega þegar maður er kominn á vinnumarkaðinn.“



*Maren Ósk Elíasdóttir,
nemi á kjörsviðinu Skólar og þroski*

„Námið er bæði hagnýtt og fræðilegt. Sveigjanleiki í námskeiðavali er sanngjarn og getur maður því sniðið námið að sínu áhugasviði innan skóla- og þroskasálfræði. Það sem ég kann best að meta við námið eru þverfræðilegu tengingarnar, það er tenging við þá hópa fagfólks sem maður kemur til með að vinna með á vinnumarkaði. Ég tel að nám í Hagnýtri sálfræði með áherslu á skóla og þroska gagnist þeim sem hafa áhuga á að vinna beint með börnum, foreldrum, fagfólki innan skóla og í öðrum tengdum stofnunum.“





MS-nám (einstaklingsbundið) í sálfræði

MS-nám í sálfræði er einstaklingsbundið, rannsóknatengt nám í samstarfi við einhvern af fastráðnum kennurum Sálfræðideildar. Það er tveggja ára nám til 120 eininga. Inntökuskilyrði eru BA/BS-nám í sálfræði með góðum árangri.

Þverfræðilegt nám sem Sálfræðideild á aðild að:

MS- eða diplómanámi í hagnýtri atferlisgreiningu

Sálfræðideild býður upp á námsleið í hagnýtri atferlisgreiningu í samvinnu við deild Heilsuefingar, íþrótt- og tómsunda á Menntavísindasviði. Námið undirbýr fólk í að beita atferlisgreiningu á áhrifaríkan hátt í starfi með börnum og viðkvæmum hópum, vinna sjálfstætt og veita öðrum handleiðslu og ráðgjöf. Nemendur læra meðal annars að fyrirbyggja og leysa hegðunar- og námsvanda og meta árangur íhlutunar. Viðtæk starfsþjálfun á vettvangi og hagnýt verkefni eru mikilvægur þáttur námsins.

MS-nám í hagnýtri atferlisgreiningu er tveggja ára nám til 120 eininga, þar af 30 eininga starfsnám og 30 eininga rannsóknarverkefni á vettvangi. Námið er góður grunnur fyrir doktorsnám. Nánari upplýsingar á: hi.is/hagnyt_atferlisgreining

Diplómanám í hagnýtri atferlisgreiningu er eins árs nám til 60 eininga, þar af 15 eininga starfsnám. Það hentar vel fyrir kennara og annað fagfólk sem vill stutt nám til að auka færni sína í starfi. Nánari upplýsingar á: hi.is/hagnyt_atferlisgreining_diploma

Deild Heilsuefingar, íþrótt- og tómsunda á Menntavísindasviði veitir nánari upplýsingar um námið. Inntökuskilyrði í hagnýta atferlisgreiningu eru grunnháskólagráða í sálfræði eða á sviði menntunar-, uppeldis- eða kennslufræða.

MS-námi Menntun framhaldsskólakennara í sálfræði

Sálfræðideild á aðild að MS-náminu Menntun framhaldsskólakennara í sálfræði í samráði við Menntavísindasvið. Aðgangskröfur eru BA/BS-nám í sálfræði.

Framhaldsnám utan Sálfræðideildar

BS-próf í sálfræði veitir einnig aðgang að framhaldsnámi utan Sálfræðideildar. Má þar nefna;

- rannsóknarnám á Heilbrigðisvísindasviði frá lýðheilsu og talmeinafræði til svefnrannsókna,
- nám á sviði menntunar, allt frá skólasálfræði til rannsókna á lestri og atferlisgreiningu og
- nám sem tengist atvinnulífi frá stjórnun og starfsmannahaldi til tölfraeðigreiningar og fréttamennsku.

Doktorsnám í sálfræði

Öflugt doktorsnám fer fram við Sálfræðideild þar sem doktorsnemar afla og miðla nýrri vísindalegrri þekkingu. Vel á annan tug doktorsnema er í fjölbreyttum rannsóknum í samstarfi við einhvern fastráðinn kennara Sálfræðideildar. Rannsóknarumhverfið er frjótt þar sem skipst er á hugmyndum og skoðunum með nýja þekkingu og vísindaleg vinnubrögð að vopni.

Doktorsnám í sálfræði er þriggja til fjögurra ára nám (180-240 einingar) að loknu MS-prófi í sálfræði. Markmið námsins er að veita nemendum vísindalega þjálfun og búa þá undir vísindastörf, háskólakennslu eða sérfræðingsstörf við rannsóknastofnanir og önnur ábyrgðarmikil störf í samfélaginu.

Doktorsnám við Heilbrigðisvísindasvið hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun frá ORPHEUS (Organisation for PhD Education in Biomedicine and Health Sciences in the European System).

Nánari upplýsingar á vefsíðu Sálfræðideildar:
hi.is/salfraedideild

Fylgstu með okkur á Facebook:
[facebook.com/salfraedideild/](https://www.facebook.com/salfraedideild/)

Vigdís Vala Valgeirsdóttir, doktorsnemi



„Fyrir mér snýst doktorsnámið fyrst og fremst um að öðlast og brýna þau verkfæri sem þarf til sjálfstæðra vinnubragða í vísindum, að geta skipulagt og keyrt rannsóknir, unnið úr niðurstöðum og komið þeim frá sér öðrum til gagns.

Námið er uppfyllt af áskorunum sem maður lærir að takast á við með gagnrýnni - jafnt sem skapandi - hugsun í frábæru umhverfi þar sem fyrsta flokks vísindafólk er manni til halds og trausts. Þjálfun í sterku rannsóknarumhverfi er einn helsti kosturinn við námið í Sálfræðideildinni, að ógleymdum öllum þeim æðislegu einstaklingum sem maður fær tækifæri til að kynnst.“

Kristjana Þórarinsdóttir, doktorsnemi

„Doktorsnámið við Sálfræðideild Háskóla Íslands er einstakt tækifæri til þess að þroskast og vaxa sem vísindamaður í fremsta flokki, til dæmis öðlast sjálfstæð vinnubrögð í rannsóknum, allt frá skipulagningu og framkvæmd til greinaskrifa. Hér upplifir maður sig hluta af heild sem samanstendur af framúrskarandi hópi fólks sem eru sérfræðingar hver á sínu sviði. Aðstaða doktorsnema er til fyrirmyndar og félagskapurinn líka.“



Sálfræðiráðgjöf opin öllum háskólanemum

Sálfræðiráðgjöf háskólanema er starfrækt á vegum Sálfræðideildar. Hún veitir háskólanemum og börnum þeirra sálfræðiþjónustu, einstaklingsmeðferð og hópmeðferð. Þjónustuna veita framhaldsnemar í sálfræði við HÍ undir handleiðslu sérfræðings í klínískri sálfræði. Einnig býður ráðgjöfin upp á Sálrækt, hópmeðferð fyrir háskólanema, sem vilja leysa úr sálrænum vanda og rækta geðheilsu sína. Sálfræðiráðgjöfin er í Nýja Garði, s. 856 2526.

Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands er í fararbroddi í rannsóknum og nýsköpun á sviði heilbrigðismála á Íslandi og gegnir lykilhlutverki við menntun heilbrigðisstarfsfólks hér á landi.

Rannsóknir og nýsköpun

Margir fremstu sérfræðingar þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum koma að kennslu og rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Fjölmargar rannsóknastofnanir starfa í tengslum við sviðið og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og framþróun.

Öflug tengsl við atvinnulíf

Fjöldi framsækinnra fyrirtækja úr atvinnulífinu tengjast rannsóknum á Heilbrigðisvísindasviði. Vísindafólk við sviðið hefur öflug tengsl við atvinnulífið. Sem dæmi um samstarfsaðila má nefna Landspítala, Hjartavernd, DeCode, Össur, Alvogen, Matís, Heilsugæsluna og fjölda sprotafyrirtækja.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Skrifstofa Sálfræðideildar, Nýja Garði
Sími 525 4240, 525 5813 og 525 5269

Sæmundargötu 12
102 Reykjavík

hi.is/salfraedideild
saldeild@hi.is

2020